

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 21. apríl 2021 haldinn 392. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:37.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B Andreassen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um stöðu útboðs og framkvæmda.
2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um salerni á suðursvæði. Jafnframt lagt fram að nýju bréf SSH dags. 8. mars 2021 um málefni skíðasvæðanna.
- kl. 08:55 kom Rúnari Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ á fundinn.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna telur brýnt að bæta úr aðstöðu fyrir skíðagöngufólk og hraða uppbyggingu slíkrar aðstöðu. Fyrir liggja hugmyndir um staðsetningu á salernisaðstöðu sem myndi nýtast bæði skíðagöngufólki, iðkendum og öðrum gestum á suðursvæði Bláfjalla. Nefndin mælir með því að slíkri aðstöðu verði komið upp hið fyrsta. Þá samþykkir nefndin að skipa vinnuhópa til að skoða aðstöðumál fyrir skíðagöngufólk og til að skoða öll skálamál í Bláfjöllum.

3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um stöðuna í fjöllunum.
4. Rætt um samstarfssamning sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna sem rennur út um næstu áramót. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra ÍTR falið að vinna minnisblað vegna nýs samnings.
- 09:50 víkja Magnús Örn Guðmundsson og Kristín María Thoroddsen af fundi.

Fundi slitið kl. 09:58.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Björg Fenger

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Fsk. með fundargerð

Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um snyrtingar

Bréf SSH dags. 8. mars 2021 vegna framkvæmda á skíðasvæðum.

Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um stöðuna í fjöllunum.